



Skýrsla formanns Skógræktarfélags Selfoss fyrir árið 2008, lesin á aðalfundi félagsins þann 7. apríl 2009 á Snæfoksstöðum.

Starf Skógræktarfélags Selfoss á 56. starfsári var með nokkuð hefðbundnu sniði. Starfsvettvangurinn var sem fyrr Hellisskógur við Ölfusá. Vöxtur og viðgangur trjáa var mjög gott þetta árið, enda var þetta enn eitt hlýinda sumarið og var ársvöxtur flestra tegunda vel yfir meðalvexti. Haldnir voru 3 stjórnarfundir á árinu.

Ekki voru sendir voru út greiðsluseðlar til félagsmanna vegna félagsgjalds fyrir árið 2008, en samkvæmt félagaskrá eru 140 skráðir meðlimir í félaginu.

Á síðasta aðalfundi sem haldin var í stofu 104 í Fjölbrautarskóla Suðurlands opnaði félagið heimasíðu sína, slóðin er www.hellisskogur.is á síðunni er hægt að finna helstu grunnupplýsingar um félagið.

Talsverð umferð fólks er um skóginn, bæði gangandi og líka þeirra sem rúnta upp að Hellinum á bílum sínum og til baka án þess að stoppa. Aukin umferð fólks með hunda í Hellisskógi hefur verið visst áhyggjuefni, þar sem stór hluti hundaeigenda var með hundana sína lausa. Ákveðið var að setja upp skilti sem bannar lausagöngu hunda. Eitthvað eiga sumir þó erfitt með að skilja það þó að á því standi; Vinsamlega hafið hundinn í bandi. Ef þeir sem eru ennþá eru með lausa hunda á svæðinu eru spurðir af hverju hundurinn sé ekki í bandi eru svörin þau að þeir hafi ekki séð skiltið, eða að það hafi bara staðið vinsamlega en ekki að það væri bannað.

Enn er beðið eftir að sveitarfélagið bjóði hundaeigendum svæði þar sem þeir geta sleppt hundunum sínum. Biðin er orðin ansi löng og kostar skógræktarfélagið álits hnekk hjá þeim fjölmörgu sem kæra sig ekki um að viðra sig innan um lausa hunda.

Starfsmenn þjónustumiðstöðvar hefluðu og lagfærðu akveginn inn í skóginn sem var til mikilla bóta.

Vorgróðursetningarferð árgangs barna úr Vallaskóla í Helliskóg er árlegur viðburður. Þetta vorið plöntuðu þau 500 birkitrjám í skurðarstykkinn vestarlega á starfssvæðinu. Þetta er sama svæði og fyrirrennarar þeirra úr Vallaskóla hafa sett plöntur í undanfarin ár. Börnin fengu stutta fræðslu frá formanni félagsins um tilgang gróðursetningarinnar, síðan skipt uppí fimm hópa. Hver hópur hafði einn fullorðin með í hópnum sem krafsaði fyrir plöntunum og stakk fyrir þeim þar sem grassvörðurinn er það sterkur að börnin ná ekki að losa um hann. Börnin komu svo í röð á eftir þeim er stakk fyrir plöntunum og settu þau niður 2 - 5 plöntur hvert.

Eins og undangenginn ár voru haldinn tvö vinnukvöld á vegum félagsins. Félagsmenn gróðursetu u.þ.b. 1900 plöntur. Gróðursettar voru íbætur fyrir plöntur sem hafði verið plantað fyrir ca. tíu árum en orðið hafði talsverð afföll af gróðursetningunni í plægingum norðan við tjörnina sem er fyrir neðan Hellinn. Einnig var plantað út í ójarðunnið land NV við þessar löngu plægingar til að reyna eyða þeim beina gróðursetningarkanti sem annars hefði myndast. Borin var áburður á nýgróðursettar plöntur jafn óðum.

Við úthlutun plantna hjá Skógrættarfélagi Árnesinga þetta árið fékk Selfossdeildin nokkrar plöntutegundir sem ekki hefur verið plantað mikið af hingað til, var þeim plantað hér og þar í Hellisskógi til að auka fjölbreytni þeirra tegunda sem þar eru fyrir. Sjá afhentar plöntur frá Skf.Árn. í töflu 1.

Tegund	Aldur	Bakkastærð	Framl. /kvæmi	Fjöldi
Sitkagreni Seward	1/0	fp40	Kvistar	1000
Birki Bæjarstaður		fp40	Vaglahús x Bæjarstaður	800
Knappareynir		fp35	Hvammur	35
Sitkaelri		fp40	Barri	20
Lindifura		fp40	Hall	10
Álmur		fp35	Steinkjer	15

Samtals **1880**


Tafla 1 sýnir afhentar plöntur frá Skf.Árn 2008.

Selfoss deildin fékk úthlutað 880 plöntum og keypti 1000 sitkagreni. Þegar allt er talið voru settar niður 2400 plöntur í Hellisskógi árið 2009.

Í fyrrihluta maí voru stunginn upp tveggja til fjögurra metra há grenitré undan háspennilínunni sem kemur á land við í Hellisskógi við Ferjunesið í Ölfusá. Flest trén voru stungin upp með smágröfu, einnig voru allnokkur stungin upp með traktorsgröfu og sett uppá vörubíl og sturtuvagn. Trén voru flutt á opið svæði sem er skipulagt grænt svæði



á mótis við Sunnulækjarskóla og gróðursett þar í nokkrar þyrpingar. Það er von félagsins að trén verði nemendum og bæjarbúum til ánægju og skjóls um ókominn ár. Að flutningnum á trjánum komu starfsmenn á vegum Sveitarfélagsins Árborgar ásamt formanni félagsins. Í lok maí mættu flokkstjórar úr Umhverfiseild Árborgar og stungu upp birkitré með stunguskóflum, trén voru á bilinu 1,5 – 3,5 metrar á hæð og stóðu við göngustígana í Hellisskógi. Trén voru farin að hindra umferð gangandi fólks um stígana. Birki trén voru flutt á nokkra staði á Selfossi, nokkur fóru á tún við göngustíg bakvið Háengisblokkirnar, eins fóru fjölmörg við göngustígin Norðan við Sunnulækjarskóla og áfram með stígnum sem liggur að Tjaldhólum. Einnig fóru nokkur tré á tjaldstæðið á Stokkseyri. Samtals voru flutt u.þ.b. eitthundrað tré inn í sveitarfélagið.



Skipt var út 35 gömlum og lélegum trébrúm sem eru víða á göngustígum í skóginum. Brýrnar hafa fúnað með tímanum og orðnar hættulegar. Við verkið nutum við aðstoðar umhverfiseildar sveitarfélagsins.

Haldið var áfram að grisja trjágróður í þeim skjólbeltum sem gróðursett hafa verið í Helliskógi. Elstu beltin voru gróðursett árið 1990 og orðin greinalítill að neðan þannig að þau voru farin að hleypa of miklum vindi í gegnum sig. Því var talin þörf á að þetta þau sem er gert með að saga ofan af þeim svo að byrji að vaxa uppá nýtt. Nokkur önnur víðiskjóbelti voru söguð niður þar sem hlutverki þeirra er lokið sem frumskjól fyrir aðrar tegundir sem lifa lengur. Skjólbeltin voru sumstaðar farin að valda framtíðartrjánnum skaða þar sem að þau slógust saman þegar vindar blésu.

Farið var með mörgum af göngustígnum og sagað frá þeim tré og greinar sem að hindra umferð gangandi fólks. Tekið var fyrir svæði sem gróðursett var í fyrir allöngu og svæðið grisjað með keðjusög til að gefa þeim trjám sem eiga að standa um ókominn ár aukið pláss þannig að þau haldi greinabyggingu sinni óskertri.

Um miðjan júní fréttu stjórnarmenn af því í fjölmiðlum að Vegagerðin vildi leggja Þjóðveg nr.1 á nýjum stað í gegnum Helliskóg. Hafði Vegagerðin verið í sambandi við Sveitarfélagið Árborg um málið en sveitarfélagið hafði ekki séð ástæðu til að kynna stjórninni málið, sem kom henni í opna skjöldu. Starfsmaður bæjarins óskaði efir að formaður mætti á staðinn til að gera sér grein fyrir hvað þessi 80 – 100 metra veglína tæki mikið af skóginum og sagði að félagið yrði fljótlega yrði kallað á félagið til að fara yfir málið. Nú níu mánuðum síðar hefur ekkert heyrst frá bæjarstjórn, hvorki er varðar vegamáli eða varðandi nýjan samning varðandi Helliskóg sem bæjarfélagið frestaði fyrrihluta ársins 2008 fram á haustið 2008. Ekkert frétt þó að búið sé að gefa boltann nokkrum sinnum á þessum tíma.

Haldin var skógarganga um Helliskóg í maí í tengslum við afmæli sveitarfélagsins, mæting var góð í blíðskapar veðri.

Karлакór Selfoss söng nokkur lög í Hellinum og Þór Vigfússon sagði sögur af svæðinu, þessi uppkoma var í tengslum við afmæli Árborgar, mæting var mjög góð.



Á komandi árum verða eins og undanfarinn ár vegagerð, stígagerð, uppbygging á aðstöðu og umhirða skógarins þau verkefni sem verða hvað mest aðkallandi til að bæta aðgengi og ásýnd Helliskógar.

Núverandi stjórn þakkar félögum, styrktaraðilum og öðrum hlutaðeigandi samstarfið á liðnu ári, og sýnir hug sinn til félagsins með því að bjóða öll fram krafta sína til stjórnunarverka á komandi skógræktarári.

Fyrir hönd stjórnar Skógræktarfélags Selfoss,
Björgvin Örn Eggertsson¹, formaður

Aðrir í stjórn eru: Snorri Sigurfinnsson² ritari, Örn Óskarsson² gjaldkeri, Hermann Ólafsson¹ og Ólafur H. Guðmundsson² varamenn.

¹ Tákn um þá sem eiga að sitja áfram í stjórn. ² Tákn um þá sem eiga að ganga úr stjórn.